

11.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 12.desember 2022 kl. 14:00 og er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Dagskrá fundarins;

1. Fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árin 2023 til 2026. Síðari umræða.
2. Póstar frá HMS, varðandi húsnæðisáætlanir og fundur varðandi málið.
3. Önnur mál.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði á netinu, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

1.Fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árin 2023 til 2026, síðari umræða. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg fór yfir þær breytingar sem eru gerðar á milli fyrri og seinni umræðu. Áætlaður hagnaður var 29,7 milljónir en verður 17,4 milljónir, þetta er vegna viðhalds á eignum sveitarfélagsins upp á kr. 13,9 milljónir.

Vegna breytinga á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald sveitarfélaga gerir hreppsnefnd eftirfarandi bókun;

Með breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2021, þurfa sveitarfélög nú að færa í samantekin reikningsskil sín, sem og fjárhagsáætlanir, hlutdeild sína í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félögum með ótakmarkaðri ábyrgð.

Í tilviki sveitarfélagsins Árneshrepps á þetta við um eftirtalin samrekstrarverkefni:

- Byggðasamlag Vestfirðinga um málefni fatlaðra
- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps

Áætlanir framangreindra rekstrareininga fyrir árin 2023 til 2026 um rekstur, efnahag og sjóðsstreymi liggja ekki fyrir og því hafa áhrif þeirra ekki verið verið færð í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Þegar samþykktar fjárhagsáætlanir framangreindra rekstrareininga liggja fyrir á viðeigandi formi er fyrirhugað að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2023 til 2026.

Þar með lauk síðari umræðu um fjárhagsáætlun og var hún samþykkt samhljóða.

2. Póstar frá HMS varðandi húsnæðisáætlun fyrir árið 2023. Ákveðið var að oddviti afli nánari upplýsinga um stjórnýsluhætti varðandi þetta mál hjá sérfræðingi hjá Kpmg.

3.Önnur mál. Hönnun á hafnarsvæðinu var til umræðu, sum verkefni eru styrkhæf og önnur ekki. Einnig var rætt um ýmsa möguleika varðandi betri þjónustu fyrir gesti. Tala þarf við hafnadeild Vegagerðarinnar varðandi ýmis mál er tengjast Norðurfjarðarhöfn. Hreppsnefnd ræddi einnig ýmis mál varðandi vinnuhætti, opnari stjórnsýslu og upplýsingagjöf á vegum hreppsins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:15.